

Ed.

538. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft þetta frv. til athugunar og álitur rjett, að það nái að ganga fram. Þá breytingu vill hún samt gera á því, að gera eiganda húss þess, er dansleikur er haldinn í, ábyrgan fyrir greiðslu skemtanaskattsins. Telur hún þetta nauðsynlegt til þess, að innheimtan verði auðveldari.

Ennfremur álitur nefndin rjett, að sá viðauki komi við lögin, að skemt-anaskattur sje einnig greiddur af knattborðum (billiard), sem talsvert er farið að nota sem almenningsskemtanatæki, einkum í kaupstöðunum. Nefndin hefir borið þetta mál undir lögreglustjóra Reykjavíkur, og eru tillögur hennar þetta áhrærandi gerðar í samráði við hann. Lögreglustjóri kvað um 20 slík knattborð mundu vera hjer í bænum, ýmist til afnota fyrir almenning eða fjelög, og áætlar hann hreinar tekjur mánaðarlega vera um 150 kr. af hverju borði.

Úti um land eru líka orðin töluverð brögð að billiardspili. Skattur sá, sem nefndin leggur til, að lagður verði á þessa tegund skemtana, er um 20^o.o af nettótekjunum eins og lögreglustjóri áætlar að þær muni vera, eða eins og hæst er lagt á aðrar skemtanir.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein:

Eigandi húsnæðis þess, er dansleikur er haldinn í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.

2. Á eftir 2. gr. frumvarpsins komi ný grein:

3. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr flokkur:

3. flokkur.

Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning eða fjelög greiðist 30 kr. skemtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem knattborðið er notað handa almenningi eða fjelögum. Gjaldþagi á skattinum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Skattinn greiðir eigandi knattborðs, enda er knattborðið að veði fyrir skattinum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá gjalddaga skattsins.

Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði, og er þá nægilegt, að eitt sje notað tii að öll sjeu skattskyld.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 9. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Guðm. Ólafsson,
fundaskr.

Jóhann P. Jósefsson,
framsögum.